

# *Norðfirðingur*

*1.tölublað 2000*

*25.árgangur*

## *Sólarkaffi og aðalfundur !*

Sólarkaffi Norðfirðingafélagsins verður haldið sunnudaginn 23. janúar, og hefst kl. 15.30 stundvíslega í safnaðarheimili Bústaðakirkju. Fyrst verður stuttur aðalfundur.

### **Dagskrá:**

**Stuttur aðalfundur  
Sólarkaffi og meðlæti  
Tónlistaratriði**

---

Viðtakandi:

## **Síldarball haldið í 4. sinn**

Ágætu félagar!

Síldarballið var haldið í fjórða sinn í október. Það vará veitingastaðnum Kaffi Catalína í Kópavogi. Við höfum áður skemmt okkur þarna og nú var búið að rýmka húsnæðið svolítið. Eins og áður fjölmennti fólk á svæðið og skemmti sér konunglega við að spjalla saman og dansa. Eins og á fyrri síldaböllum var boðið upp á norðfirskar veitingar – síld að austan og rúgbrað – og kaldan snafs.

### **Austfirska sveiflan með Las Vegas-tónlist.**

Fjölmargir í Norðfirðingafélaginu hittust á veitingastaðnum Broadway á nokkurs konar árshátíð í janúar í fyrra. Þar voru norðfirskir tónlistarmenn með tónlistarveislu, svokallaða Rokk og sálarveislu. Það var gífurlega skemmtilegt. Þeir sem að þessu stóðu verða aftur á ferð í vetur og þá með Las Vegas tónlist ; Sinatra, Presley, Tom Jones, Dean Martin, Diana Ross, Dusty Springfield, Petula Clark, Louis Prima, Elton John, Billy Joel, Cher og fleiri.

## **Stórsýningin á Brodway er 14. janúar !**

Í annað sinn leggja listamenn frá Norðfirði land undir fót og troða upp á Brodway með frábæra skemmtidagskrá. ótrúlegur fjöldi fólks kemur að sýningunni og það sem hvað mesta athygli vekur er hve breiður hópurinn er í aldurslegu tilliti frá undir 20 ára aldri til yfir fimmtugt.

Þess má geta að Ágúst Ármann er að "vinna í því " að fá pabba sinn með nikkuna og Ásgeir Lárusson með mandolínið til að koma með hópnunum suður og leika undir borðum en enn er engu hægt að lofa.

Miðaverð hefur ekki verið ákveðið þegar þetta er ritað en upplýsingar og borðapantanir eru í Brodway - síma 5331100

Hljómsveit: Ágúst Ármann Þorláksson, Helgi Georgs (bróðursonur Lalla á Skorrastað), Magnús Ásgeirsson (sonur Ásgeirs fyrrverandi bæjarstjóra), Jón Hilmar Kárason (sonur Kára Hilmars Björns), Pétur Sævar Hallgrímsson á Kvíabóli, Emil Guðmundsson ( Milli frá Seyðis.), Þórður Óli Guðmundsson, Jón Lundberg og Bjarni Freyr Ágústsson ( sonur Agga ) sem jafnframt útsetur öll lögin.

Dansarar : Rósa Dögg Þórsdóttir Haukssonar, María Fanney Leifsdóttir í Skálateigi, Dána Dögg Víglundsdóttir Gunnarssonar, og Guðrún Smáradóttir og Elínborgar sem jafnframt semur dansana og stjórnar dansinum.

Búningar: Sólveig Einarsdóttir og Rósa Skarp.  
Ljósamaður: Þorvaldur Einarsson ( sonur Bjarkar og Einars Valda.)  
Hljóðmenn: Sævar Solheim Guðmundsson og Þorlákur Ágústsson.  
Svið: Helgi Magnússon ( Bjarka) og Hjálmar Jóhannsson.

Vafalaust verður þetta stórskemmtileg sýning með sveitungum okkar, sem við ættum að fjölmenna á og gera að okkar árshátíð!

### **Kráarkvöldin takast vel!**

Efnt verður til kráarkvölds á Kringlukránni laugardaginn 18. mars. Þetta er enn óformlegri samkoma heldur en Síldarballið. Fólki virðist líka þessi háttur vel, enda mæta brottfluttir Norðfirðingar vel á kráarkvöldin. Síðast tókum við eftir því að fleiri úr eldri hópi Norðfirðinga voru mættir en áður, til að líta á gengið.

Munið hve gagnlegt er að merkja inn á dagatalið. Með kveðju og óskum um gleðilegt nýtt ár 2000 og þakklæti fyrir gömlu árin.

---

Útgefandi: Norðfirðingafélagið  
740 Neskaupstað

Formaður: Lára Jóna Þorsteinsdóttir (477-1526)  
Ritstjóri: Hermann Sveinbjörnsson (565-7588)